



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Styrkur úr Kennslumálasjóði A-leið

Þróun nýrra námskeiða um farsæld og réttindi barna

Lokaskýrsla

Eyrún María Rúnarsdóttir, dósent

Ragný Þóra Guðjohnsen, dósent

Desember 2024

Inngangur

Við úthlutun í A-leið Kennslumálasjóðs árið 2023 hlaut verkefnið Þróun nýrra námskeiða um farsæld og réttindi barna styrk. Að umsókninni stóðu Eyrún María Rúnarsdóttir og Ragný Þóra Guðjohnsen, báðar dósentar í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið.

Í kjölfar sjálfsmats Deildar menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði 2021–2022 (Faculty of Education and Diversity, 2022), fór fram gagnger endurskoðun kjörsviða í meistaranámi á uppeldis- og menntunarfræðibraut. Kjörsviðum var fækkað úr átta í sex og varð við það til kjörsviðið Farsæld og fjölbreytt samfélag. Samhliða endurskoðun kjörsviðanna var kafað í innihald námskeiða með það að leiðarljósi að styrkja grunnstoðir í náminu.

Endurskoðunin leiddi í ljós vöntun á skyldunámskeiðum fyrir nemendur hins nýja kjörsviðs. Ekkert námskeið ávarpaði með skýrum hætti stefnumótun stjórnvalda sem snýr að farsæld barna, réttindum og áskorunum í lífi þeirra og margbreytileika samfélagsins og varð það kveikja að umsókn í Kennslumálasjóð. Hér verður rakið hvernig undirbúningi námskeiða var háttað og sagt frá vinnuferli allt til þess að eitt námskeið varð tilbúið til kennslu.

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins var að þróa tvö ný námskeið um farsæld og réttindi barna. Námskeiðunum var ætlað að fjalla um grunnþætti kjörsviðsins Farsæld og fjölbreytt samfélag og ramma þannig inn áherslur þess. Mannréttindi barna og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru undirliggjandi þættir í nálgun á kjörsviðinu og áhersla er á að skoða samfélagslegan margbreytileika út frá sjónarhorni félagslegs réttlætis. Nýju kjörsviði er þannig ætlað að efla þekkingu nemenda á brýnum sviðum samfélagsins sem snúa að farsæld barna, ungmenna og fullorðinna og margbreytileika í lýðræðislegu samfélagi.

Samþykktir og ferill í námsbraut og deild

Í námsnefnd uppeldis- og menntunarfræðibrautar fór fram umræða um ný námskeið samhliða breytingu á kjörsviðum sem samþykktar voru fyrir kennsluskrá 2022–2023. Sú umræða var tekin upp á fundi námsnefndar 22. maí 2023 eftir að styrkur fékkst úr kennslumálasjóði til þróunar námskeiða. Eftir umræðu í nefndinni var niðurstaðan sú að þróa að þessu sinni eitt 5 ECTS M-námskeið á þessu sviði enda gæti það rúmast í skipulagi framhaldsnáms og einnig sem valnámskeið fyrir nemendur í grunnnámi.

Þróun nýs námskeiðs var kynnt og rædd á fundi uppeldis- og menntunarfræðibrautar 21. september og formlegt erindi um stofnun námskeiðs lögð fram og samþykkt á fundi námsbrautar 6. nóvember 2023. Rökstuðningur fyrir stofnun nýs námskeiðs var auk

fyrirgreinds skorts á námskeiði í nýju kjörsviði, að einingum hafi verið fækkað á mótum í öðrum námskeiðum í grunn- og framhaldsnámi í uppeldis- og menntunarfræði. Samþykkt var á deildarfundum í Deild menntunar og margbreytileika 27. nóvember 2023 að fela deildarforseta að óska eftir stofnun námskeiðs við stjórn Menntavísindasviðs.

Að loknu samþykki stjórnar var námskeiðið stofnað í kennsluskra með eftirfarandi lýsingu og hæfniviðmiðum:

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið setur barnið í forgrunn, velferð þess og réttindi í daglegu lífi. Þessir þættir eru skoðaðir í tengslum við nærumhverfi barnsins; fjölskyldulíf, skólastarf, tómstundir, félagsleg tengsl og þátttöku, andlega og líkamlega líðan, ofbeldi og vernd og félags- og efnahagslega stöðu. Áhersla er á samfélagslega umgjörð í málefnum barna en einnig á úrræði og stuðning með hliðsjón af fjölbreytileika og stöðu barna og ungmenna sem upplifa að vera berskjölduð eða finna sig á jaðri samfélagsins. Hugtök tengd líðan, farsæld og réttindum barna verða skoðuð á gagnrýninn hátt, út frá sjónarhorni bernskufræða og í ljósi samtímaáskorana. Fjallað verður um innlenda, norræna og alþjóðlega stefnumótun í málefnum barna og unglunga og sú stefna skoðuð í ljósi nýrra áherslna á farsæld í menntastefnu bæði hér á landi og erlendis. Nemendur öðlast þjálfun í að greina þætti sem ýta undir eða draga úr velfarnaði barna og ungmenna og fá tækifæri til að nota ný íslensk rannsóknargögn í verkefnavinnu námskeiðsins.

Misserinu er skipt í sjö einingar eftir efnisflokkum og eru fimm þeirra flokkarnir sem mynda mælaborð um farsæld barna. Nemendur velja sér einn þeirra og vinna verkefni námskeiðsins innan þess flokks í því skyni að dýpka þekkingu sína og skilning á völdu sviði.

Hæfniviðmið:

Nemendur verði við lok námskeiðs færir um að

- draga saman helstu áherslur í innlendri og erlendri stefnumótun sem snúa að réttindum barna og úrræðum til að tryggja þau.
- túlka stöðu fjölbreytts hóps barna og unglunga meðal annars þeirra sem upplifa sig berskjölduð eða á jaðri samfélagsins.
- greina rannsóknargögn um líðan og velferð barna og ungmenna og þær aðstæður í umhverfinu sem ógnað geta réttindum þeirra og velfarnaði.
- beita innlendri og alþjóðlegri stefnumótun í málefnum barna og unglunga til að varpa gagnrýnu ljósi á niðurstöður greininganna og stöðu barna í samfélaginu.

Námskeiðið hlaut heitið *Réttindi barna og samtímaógnir* og númerið UME203M. Samþykkt var að námskeiðið yrði skyldunámskeið á námsleiðinni uppeldis- og menntunarfræði, kjörsviðinu Farsæld og fjölbreytt samfélag til 120e og 60e og bundið val til 30e. Einnig var samþykkt að námskeiðið yrði bundið val á þriðja ári í BA námi á sömu námsleið til 180e og valnámskeið til 180e og 120e. Þá yrði námskeiðið bundið val fyrir nemendur í viðbótardiplómu um félags- og tilfinningahæfni í Deild heilsueflingar, íþróttá og tómsunda.

Þróun námskeiðs og framkvæmd

Stýrihópur sem samanstóð af umsækjendunum tveimur aflaði upplýsinga um inntak námskeiða með svipaðar áherslur og rýndu kennsluskra í grunn og framhaldsnámi til að skapa ramma um inntak og áherslur námskeiðs, markmið og hæfniviðmið. Haldnir voru sex fundir frá september 2023 til ágúst 2024 í þessu skyni og þess á milli unnið í námskeiðslýsingu og hæfniviðmiðum námskeiðs með því að senda drög á milli í tölvupósti. Sú lýsing var samþykkt sem fyrir segir í námsbraut og deild við lok árs 2023.

Marit Davíðsdóttir var í júlí 2024 ráðin verkefnastjóri til að halda utan um vinnu við að þróa inntak námskeiðsins eftir að rammi þess var tilbúinn. Stýrihópurinn með aðstoð verkefnastjóra skipti með sér verkum og voru haldnir voru alls sex vinnufundir á tímabilinu 8. ágúst til 25. nóvember 2024 til að útfæra efnistöð, skipulag og námsmat í námskeiðinu. Á tímabilinu var ákveðið að leita til Hjördísar Evu Þórðardóttur sérfræðings í réttindum barna til að kenna grunnefni s.s. um kenningar og stefnumótun á sviðinu en hún var fráfarandi verkefnisstjóri um mælaborð um farsæld barna hjá barna- og menntamálaráðuneyti.

Auk fundarstjórnar og umsýslu verkefnis tók verkefnastjóri saman tillögur að greinum og öðru efni sem gæti nýst sem lesefni og ítarefni fyrir nemendur, skrifaði samantektir um lykilþætti námskeiðs, gerði drög að tímaáætlun þess og skrifaði drög að verkefnalýsingu. Þá stofnaði verkefnastjóri námskeiðsvef og vann allan grunn að efni þar. Umsækjendur unnu að því að fullgera námsvef og leita til kennara með að taka að sér kennslu í námskeiðinu. Tekin var ákvörðun um að fyrsti umsækjandi, Eyrún María Rúnarsdóttir myndi hafa umsjón með námskeiðinu og verkefnum og kenna einn þátt þess.

Tekin var ákvörðun um að auk kenninga og stefnumótunar á sviðinu myndu námsþættir fylgja þeim fimm einingum sem mynda mælaborð um farsæld barna en þeir eru lífsgæði og félagsleg staða, menntun, þátttaka og félagsleg tengsl, heilsa og vellíðan og öryggi og vernd. Fyrir hvert þema var leitað til sérfræðings í efninu til að kenna þá viku sem þemað verður til umfjöllunar. Námsmat mun fela í sér lítið rannsóknarverkefni og hagsmunamat á ákvörðun eða aðgerð sem varðar börn. Alls eru 18 nemendur skráðir í námskeiðið þegar skýrslan er skrifuð.

Námseiningar og námsmat

Misserinu verður skipt í einingar eftir efnisflokkum. Fyrstu fimm vikurnar verður innlegg og umræða um kenningar, fræði og stefnumótun í kennslustund. Seinni fimm efnisflokkar fylgja mælaborði um farsæld barna. Endanlegar útlínur námskeiðs eru eftirfarandi og fer best á að sýna hér myndir af námskeiðsvef til útskýringar.

Vikur námskeiðs

[VIKA 1 | 17. janúar: Námskeiðskynning og Bernskufraði](#)

[VIKA 2 | 24. janúar - Bernskufraði, réttindi barna og margbreytileiki í barnahópum \(HEÞ\)](#)

[VIKA 3 | 31. janúar: Innlend og erlend stefnumótun um farsæld barna og ungmenna \(HEÞ\)](#)

[VIKA 4 | 7. febrúar: Innlend og erlend stefnumótun um farsæld barna og ungmenna \(HEÞ\)](#)

[VIKA 5 | 14. febrúar - Hagsmunamat - umræða um nemendaverkefni](#)

[VIKA 6 | 21. febrúar - KENNSLUHLÉ - VERKEFNAVIKA](#)

[VIKA 7 | 28. febrúar: Lífsgæði og félagsleg staða \(KHS\)](#)

[VIKA 8 | 7. mars: Menntun \(EMR\)](#)

[VIKA 9 | 14. mars: Þátttaka og félagsleg tengsl \(HEÞ\)](#)

[VIKA 10 | 21. mars: KENNSLUHLÉ - VERKEFNAVIKA](#)

[VIKA 11 | - 28. mars: Heilsa og vellíðan \(VR\)](#)

[VIKA 12 | 4. apríl: Öryggi og vernd \(HBM\)](#)

Umræðutímar eða viðtalstímar um rannsóknarverkefni að kennslu lokinni eftir þörfum

Mynd 1. Námskeiðsvikur og efnistöð

Námskeiðið er 5e og leggur kennslunefnd Menntavísindasviðs til að í 5 eininga námskeiðum séu að jafnaði 2 kennslustundir á viku. Miðað við 13 vikna misseri ættu kennslustundir að vera 26 stundir. Í ofangreindu námskeiðsplani mæta nemendur vikulega í tvær stundir í senn fyrstu fimm vikur námskeiðsins en seinni fimm vikurnar samanstanda af upptökuinnleggi kennara (reiknað sem ein kennslustund) og tveimur kennslustundum í mætingu í umræðutíma. Þetta skipulag hljóðar upp á 26 kennslustundir fyrir nemendur en lagt er upp með að bæta við umræðutímum til dæmis fyrir nemendakynningar ef þörf þykir.

Námsmat og virkni nemenda

Nemendur skila þremur verkefnum yfir misserið, fyrst vinna þeir hópverkefni sem felst í hagsmunamati á aðgerð, stefnumótun eða ákvörðun stjórnvalda. Það felur í sér að meta hvernig aðgerðin hefur áhrif á börn. Nemendur vinna svo hver um sig litla rannsókn og skrifa rannsóknarskýrslu út frá gögnum sem birt eru í mælaborði um farsæld barna.

Verkefni og skiladagar

28. febrúar: Hópverkefni: Hagsmunamat (40%)

14. apríl í síðasta lagi: Einstaklingsverkefni: Rannsóknaráætlun (15%)

8. maí í síðasta lagi: Einstaklingsverkefni: Rannsóknarskýrsla (40%)

Mynd 2. Verkefni og skiladagar

Rannsóknarverkefninu er skilað í tvennu lagi og er beitt leiðsagnarmati. Nemendur skila fyrst rannsóknaráætlun og fá endurgjöf á efni hennar sem þeir nýta svo til að fullvinna rannsóknarskýrslu. Henni er skilað í síðasta lagi við lok misseris. Við ákvörðun um námsmat og virkni nemenda var eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- **Sérhæfing nemenda.** Lögð er áhersla á að nemendur geti dýpkað skilning, þekkingu og færni á tilteknu sviði sem snýr að farsæld og réttindum barna
 - **Rannsóknarskýrsla.** Nemendur vinna einstaklingsverkefni sem þeir skila í tvígang, fyrst í formi rannsóknaráætlunar og seinni skil sem rannsóknarskýrslu
 - **Hagsmunamat.** Nemendur vinna verkefni í hóp þar sem þeir meta áhrif aðgerðar, ákvörðunar eða stefnumótunar á börn og öðlast þannig hagnýta færni í að meta stjórnvaldsaðgerðir.
- **Leiðsagnarmat.** Gagnleg tæki til að auka líkur á að færni nemenda þjálfist er að beita leiðsagnarmati. Í þessu skyni skila nemendur hér rannsóknaráætlun með inngangi, fræðilegum bakgrunni og aðferðakafla og fá nákvæma endurgjöf frá kennara. Ætlast verður til að nemendur nýti endurgjöf og endurbæti verkefni sitt. Sú nálgun verður byggð inn í matskvarða sem fylgir öllum verkefnum.
- **Á grunni mælaborðs um farsæld barna.** Til að tryggja ákveðna yfirsýn og þekkingu nemenda á áherslum á farsæld (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021) er námskeiðið skipulagt á grunni þeirra fimm þema sem mynda mælaborð um farsæld barna.

Mat og endurskoðun

Námskeiðið verður fyrst í boði á vormisseri 2025 og verður lögð áhersla á að meta jafnóðum hvernig kennslutilhögun og skipulag námskeiðs reynist. Óskað verður eftir samstarfi við nemendahópinn í þessu efni.

Vera má að víkka þurfi eða þrengja áherslusviðs námskeiðsins eftir því hverjar þarfir nemendahópsins eru. Ekki er heldur fyllilega ljóst hvort lestur eða verkefnaálag er passlegt miðað við 5 ECTS.

Framundan er spennandi vegferð þegar námskeiðið verður kennt í fyrsta sinn. Það er mat okkar í stýrihópi að sérstakt lán sé að fá sérfræðinginn Hjördísi Evu til að halda um lykillpræði námskeiðs þetta fyrsta skipti. Bakgrunnur hennar í fræðum og framkvæmd þegar kemur að réttindum barna er dýrmætur sem og stýrði hún vinnu við að setja mælaborð um farsæld barna á legg og er þar öllum hnútum kunnug. Þá teljum við okkur einstaklega heppin með aðra sérfræðinga en þar ber að nefna Kolbein Hólmar Stefánsson dósent sem fjallar um lífsgæði og félagslega stöðu, Vöku Rögnvaldsdóttur dósent sem fjallar um heilsu og vellíðan og Höllu Björk Marteinsdóttur félagsráðgjafa hjá Barna- og fjölskyldustofu sem fjallar um öryggi og vernd.

Það er von okkar að áhersla á hagnýt verkefni og verkfæri komi nemendum okkar, stofnunum og samfélaginu öllu til góða þegar þeir bjóða krafta sína í starfi að námi loknu.

Heimildaskrá

Faculty of Education and Diversity. (2022). Self-review report.

https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/fed_self_review_report_qef2_open.pdf

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021